

Viðauki - óendurskoðaður

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Íslandshótel er eining tengd almannahagsmunum. Samkvæmt lögum um ársreikninga skal félagið láta fylgja með skýrslu stjórnar, ófjárhagslega upplýsingagjöf.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf skal veita upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál. Jafnframt skal gera grein fyrir stefnu félagsins í mannréttindamálum og hvernig það spornar við spillingar- og mútumálum auk stuttrar lýsingar á viðskiptalíkani félagsins.

Stefnt er að því að tilskipun Evrópusambandsins um sjálfbærniupplýsingagjöf stórra og/eða skráðra fyrirtækja, Corporate Sustainability Reporting Directive (CSRD) verði innleidd hér á landi innan skamms. Tilskipunin leysir af hólmi ófjárhagslega upplýsingaskyldu fyrirtækja sem sett er fram í gr. 66 d í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Þessi tilskipun innleiðir evrópska staðalinn fyrir sjálfbærnisráskýrslur (ESRS), (European Sustainability Reporting Standard) sem leggur áherslu á ófjárhagslega upplýsingagjöf.

Íslandshótel vinnur markvisst að því að aðlaga starfsemi sína að nýjum stöðlum og þróa CSRD/ESRS aðlögunaráætlun í samstarfi við ráðgjafa. Sjálfbærniþróun Íslandshótela stuðlar að markmiðasetningu út frá mikilvægum umhverfis-, félags- og stjórnarháttum (UFS) með það að leiðarljósi að styðja og tryggja viðskiptalíkan félagsins til framtíðar.

Um Íslandshótel

Íslandshótel er ferðaþjónustufyrirtæki í eigu ÓDT Ráðgjafar ehf. og S38 slhf. Félagið er leiðandi í ferðaþjónustu og rekur 18 hótél hringinn í kringum Ísland undir vörumerkjunum Fosshótel og Reykjavíkurhótel. Félagið opnaði sitt fyrsta hótél árið 1992.

Viðskiptalíkan

Meginstarfsemi Íslandshótela er hótélgisting auk þess er veitingarekstur á hótélunum og ráðstefnuhald á stærri hótélum félagsins. Íslandshótel og dótturfélögin Höfuðborgareignir, Vestureignir, Aðalstræti 100, Norðureignir og Suðureignir eiga og reka 16 af þeim fasteignum þar sem hótél félagsins eru starfrækt. Dótturfélag Íslandshótela, Fosshótel Reykjavík, starfrækir hótél- og veitingaþjónustu. Dótturfélag Íslandshótela Húsaco ehf. var keypt á árinu og sérhæfir sig í innflutningi.

Viðskiptavinir félagsins eru ferðaþjónustaðilar, fyrirtæki og einstaklingar. Þungi ferðamanna sem gistir á hótélum félagsins eru erlendir ferðamenn.

Hlutverk Íslandshótela er að veita einstaka gestrisni með áherslu á vellíðan starfsmanna, jákvæða upplifun gesta, sjálfbærni, arðbæran rekstur og stafræna umbreytingu. Gildi Íslandshótela eru: Fagmennska, samvinna og hugrekki. Menning félagsins grundvallast af gullnu reglunni: Við komum fram við aðra eins og við viljum að komið sé fram við okkur.

Stefnur félagsins

Áhættustefna Íslandshótela var yfirfarin af stjórn 3.júlí 2023. Markmið með áhættustefnu samstæðu Íslandshótela er að greina helstu áhættur í rekstri og meta áhættur félaganna. Auk þess að leggja fram viðbragðsáætlun um hvenær og hvernig bregðast skal við þeim atburðum og tilvikum sem upp kunna að koma. Lykiláhætta félagsins er koma ferðamanna til landsins þar sem tekjur frá innanlandsmarkaði er aðeins lítil hluti tekna félagsins.

Aðrar stefnur samþykktar af stjórn er tengjast ófjárhagslegri upplýsingagjöf eru:

- Persónuverndarstefna.
- Starfskjarastefna.
- Starfsreglur stjórnar.
- Stjórnarháttayfirlýsing.
- Sjálfbærnistefna.

Viðauki - óendurskoðaður

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf (frh.)

Umhverfisþættir

Íslandshótel leggur áherslu á umhverfisvernd og vinnur að því að lágmarka umhverfisáhrif starfseminnar eins og kostur er. Félagið hefur sett sér sjálfbærnistefnu þar sem fram kemur að félagið bjóði upp á umhverfisvæna hótél- og ráðstefnuþjónustu á hótelum sínum um land allt, lögð er áhersla á gott aðgengi fyrir alla og að þjónustan henti öllum.

Íslandshótel hefur unnið að sjálfbærnivottun fyrir hótél- og veitingarekstur sinn. Félagið hefur skuldbundið sig til að fá sjálfbærnivottun fyrir öll hótél keðjunnar frá Græna lyklinum, sem er í eigu FEE (Foundation for Environmental Education). Sjálfbærnivottun frá Græna lyklinum þjónar sem staðfesting á því að hótél Íslandhótela uppfylli strangar kröfur staðalsins og sýnir að félagið styður við siðferðileg vinnubrögð, virka þátttöku í samfélaginu og umhverfisvænan rekstur. Auk þess er Hótel Reykjavík Grand með umhverfisvottun Svansins.

Íslandshótel er með samning við Klappir um nýtingu á hugbúnaði til að fá rauntíma yfirsýn yfir helstu umhverfisáhrif rekstursins eins og orkunotkun, vatnsnotkun, flokkun úrgangs, eldsneytisinnkaup og kolefnislosun (CO₂). Hugbúnaðurinn gerir félaginu kleift að stjórna auðlindum sínum á skilvirkari hátt með það að markmiði að draga úr kostnaði, áhættu og umhverfisáhrifum rekstursins. Félagið stefnir að birtingu gagna hér að lútandi.

Félagið hefur mótað leiðbeinandi tillögur til þess að aðstoða ferðamenn og hótélgesti við að lágmarka umhverfisáhrif sín.

Félagslegir þættir

Íslandshótel leggur áherslu á samfélagslega ábyrgð og er stoltur aðili að FESTA, miðstöð um samfélagslega ábyrgð, og er bakhjarl í hvatningarverkefningu, Ábyrg ferðaþjónusta. Hlutverk Festu er að efla samfélagsábyrgð íslenskra fyrirtækja, auka vitund í samfélaginu og hvetja til samstarfs og aðgerða á sviði samfélagslegrar ábyrgðar.

Íslandshótel er einnig aðili að Safetravel sem miðar að því að upplýsa ferðamenn á Íslandi með mikilvægum hætti í þeim tilgangi að draga úr áhættusamri hegðun, auka slysavarnir og tryggja örugg og þægileg ferðalög. Safetravel er slysavarnarverkefni á vegum Slysavarnarfélagsins Landsbjargar sem miðar að því að koma upplýsingum um öryggi á ferðalögum til ferðalanga á Íslandi.

Íslandshótel leggja metnað sinn í að sinna samfélagslegri ábyrgð og veita styrki til málefna og eru umhverfis-, forvarnar- og líknarmál þar fremst í flokki. Á heimasíðu félagsins www.islandshotel.is má finna upplýsingar um helstu málefni sem félagið hefur styrkt á undanförunum árum.

Íslandshótel hefur markað sér stefnu í starfsmannamálum þar sem lögð er áhersla á skipulagða starfsþróun, jafnréttis- og forvarnarmál. Meginmarkmið Íslandhótela í mannauðsmálum er að skapa eftirsóknarverðan vinnustað sem hefur á að skipa ánægðu og árangursdrifnu starfsfólki, sem að veitir framúrskarandi þjónustu. Íslandshótel hafa sett sér eftirtaldar stefnur er varðar starfsmannamál félagsins:

- Starfsmannastefnu.
- Starfsþróunarstefnu.
- Forvarnarstefnu.
- Jafnréttisstefnu og áætlun um jafnréttindi.
- Launastefnu.
- Jafnlaunastefnu.
- Stefnu og viðbragðsáætlun vegna eineltis, kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni og ofbeldi.
- Starfskjarastefnu.
- Fjarvistastefnu.
- Gæðastefnu og vinnuverndarstefnu.

Félagið hefur ekki mótað mannréttindastefnu en vísar að öðru leiti til jafnréttisstefnu félagsins.

Íslandshótel hlaut jafnlaunavottun frá Jafnréttisstofu árið 2019 og viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar árin 2019-2023. Félagið hlaut Menntaverðlaun atvinnulífsins árið 2021.

Viðauki - óendurskoðaður

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf (frh.)

Stjórnarhættir

Íslandshótel leggur áherslu á góð samskipti stjórnar, framkvæmdastjórnar og annarra hagaðila félagsins. Félagið fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins, 6. útgáfa frá árinu 2021. Stjórn félagsins hefur sett fram og samþykkt starfsreglur stjórnar og endurskoðunarnefndar, starfkjarastefnu, stjórnarháttayfirlýsingu, reglur um innherja og meðferð innherjaupplýsinga.

Persónuvernd

Öflug persónuvernd er Íslandshótelum kappsmál og leggjum við ríka áherslu á að virða réttindi einstaklinga og að meðferð persónuupplýsinga sé ávallt í samræmi við gildandi regluverk og í samræmi við bestu venjur í hótellekstri. Félagið vinnur aðeins með þær persónuupplýsingar sem eru nauðsynlegar og í samræmi við þann tilgang sem liggur að baki söfnun upplýsingar. Sjá nánar um persónuvernd á heimasíðu félagsins www.islandshotel.is

Spilling og mútur

Íslandshótel ber virðingu fyrir þeim áhrifum sem félagið hefur á samfélagið og hagsmunaaðila. Íslandshótel leggur áherslu á að starfsmenn og aðrir hagaðilar sýni virðingu, trúnað og heilindi í störfum sem og verkum sínum. Félagið leggur áherslu á að stunda ábyrga viðskiptahætti í samskiptum við viðskiptavini, starfsmenn og hagaðila. Starfsmönnum félagsins er óheimilt að veita eða þiggja mútur og ber að tilkynna um slíkt misferli.

Skýrslugjöf vegna Flokkunarreglugerðar ESB

Flokkunarreglugerð ESB tók gildi á Íslandi 1. júní 2023 með lögum nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. Lögin voru afturvirk til 1. janúar 2023 og gilda því um allt fjárhagsárið 2023.

Tilgangur reglugerðarinnar er að skilgreina hvaða atvinnustarfsemi telst vera umhverfislega sjálfbær út frá tæknilegum matsviðmiðum sem koma fram í framsendri reglugerð 2021/2139 og á að stuðla að gagnsæi í sjálfbærniupplýsingagjöf. Til þess að fyrirtæki geti talist umhverfislega sjálfbært í skilningi reglugerðarinnar þurfa þau að uppfylla viðmið fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi skv. 3.gr. reglugerðarinnar. Í fyrsta lagi þarf atvinnustarfsemin að stuðla verulega að einu eða fleiri umhverfismarkmiðum, á sama tíma má hún ekki skaða önnur markmið. Atvinnustarfsemin þarf að vera stunduð í samræmi við lágmarksverndarráðstafanir og að lokum að hlíta tæknilegum matsviðmiðum.

Umhverfismarkmiðin eru sex: mildun loftslagsbreytinga, aðlögun að loftslagsbreytingum, sjálfbær notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda, umskipti yfir í hringrásarhagkerfi, mengunarvarnir og eftirlit með mengun, og vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa. Tæknileg matsviðmið fyrir mildun og aðlögun að loftslagsbreytingum hafa verið innleidd með framseldri reglugerð 2021/2139 og atvinnustarfsemi sem þar er tekin fram fellur undir upplýsingaskyldu á Íslandi en framseld reglugerð 2023/2486 um önnur umhverfismarkmið tók gildi innan ESB árið 2023 og bíður innleiðingar hér á landi.

Gerð er krafa á að fyrirtæki birti hlutfall veltu, fjárfestingagjalda og rekstrargjalda fyrir nýliðið rekstrartímabil á hægri starfsemi, það er, starfsemi sem fellur undir flokkunarreglugerðina. Að sama skapi skal birta sömu lykilmælikvarða fyrir starfsemi sem uppfyllir öll viðmið reglugerðarinnar og telst vera samræmd starfsemi eða umhverfislega sjálfbær.

Á Íslandi gildir reglugerðin um fyrirtæki sem falla undir skyldu til að skila ófjárhagslegum upplýsingum skv. gr. 66d í ársreikningalögum nr. 3/2006 og er Íslandshótel þar á meðal.

Viðauki - óendurskoðaður

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf (frh.)

Hæf starfsemi Íslandshótela í skilningi reglugerðarinnar

Íslandshótel hóf yfirferð á starfsemi sinni í samræmi við tæknileg matsviðmið þar sem starfsemi félagsins var borin saman við þau tæknilegu matsviðmið sem nú þegar hafa verið birt út frá umhverfismarkmiðunum mildun loftslagsbreytinga og aðlögun að loftslagsbreytingum. Kjarnastarfsemi félagsins, sem er gisting, fellur ekki undir tæknileg matsviðmið eins og er, en tekin var ákvörðun um að reikna út lykilmælikvarða fyrir flokk 7.7 kaup og eignarhald á byggingum til undirbúnings. Undir þann flokk falla fasteignir í eigu og leigu Íslandshótela til 3ja aðila. Kjarnastarfsemi Íslandshótela mun falla undir flokk 2.1 hótél, orlofshús, tjaldsvæði og álíka gisting undir umhverfismarkmiðinu vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa og Íslandshótel mun birta lykilmælikvarða út frá þeim flokki um leið og framseld reglugerð um önnur umhverfismarkmið mun taka gildi hér á landi.

Samræmd starfsemi

Til þess að starfsemi teljist samræmd og uppfylli þar með skilyrði flokkunarreglugerðarinnar um að vera umhverfislega sjálfbær þarf starfsemin að leggja fram verulegt framlag (e. substantial contribution) og valda ekki umtalsverðu tjóni (e. do no significant harm), auk þess að uppfylla lágmarks verndarráðstafanir.

Til að kaup og eignarhald á byggingum teljist vera verulegt framlag til mildunar loftslagsbreytinga er gerð krafa á orkunýtingarvottorð í flokki A eða byggingin falli innan efstu 15% af landsbundnum eða svæðisbundnum byggingakosti, gefið upp sem frumorkuþörf. Orkunýtingin er skilgreind með orkunýtingarvottorði, sem skilgreint er með tilskipun ESB 2010/31. Frumorkuþörf er einnig skilgreind út frá orkunýtingarvottorði. Ísland er með heildarundanþágu frá þessari tilskipun og orkunýtingarvottorð því ekki til staðar. Því líta Íslandshótel svo á að ómögulegt sé á þessu stigi máls að sýna fram á að starfsemin sé verulegt framlag til mildunar loftslagsbreytinga án frekari leiðbeininga frá stjórnvöldum og því var ekki haldið lengra með mat á samræmdri starfsemi þegar kemur að kaupum og eignarhaldi á byggingum.

Lykilmælikvarðar

Evrópusambandið hefur gefið út leiðbeiningar um útreikning á lykilmælikvörðum í framseldri reglugerð 2021/2178. Hins vegar er möguleiki á því að kröfur eða aðferðafræði muni taka breytingum efur því sem reglugerðin verður uppfærð og getur það haft áhrif á framtíðarútreikninga Íslandshótela eins og fram hefur komið.

Nedangreind aðferðafræði var notuð við útreikninga á lykilmælikvörðum, veltu, fjárfestingagjöldum og rekstrargjöldum fyrir hæfa starfsemi, sem birtar eru í töflum á bls. 36 til 38.

Velta

Hlutfall veltu samkvæmt skilgreiningu flokkunarreglugerðarinnar nær yfir tekjur sem eru færðar skv. a-lið 82. mgr. alþjóðlegs reikningssskilastaðals (IAS-staðli) 1. Heildarvelta í samræmi við skilgreininguna er í samræmi við heildarveltu samstæðunnar fyrir árið 2023 eins og hún kemur fram í rekstrarreikningi í ársreikningi samstæðunnar. Þar af er 0,1% vegna starfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu. Sjá hlutföll í töflu yfir veltu á bls. 36.

Fjárfestingargjöld

Við höfum úthlutað fjárfestingargjöldum á hæfa starfsemi í samræmi við flokkunarreglugerðina. Fjárfestingargjöld samkvæmt 8. gr. flokkunarreglugerðinni samanstanda af viðbótum vegna efnislegra og óefnislegra eigna á rekstrarárinu fyrir afskriftur, niðurgreiðslur og endurmat, að undanskildum breytingum á gangvirði. Fjárfestingarútgjöld námu alls 2.246,5 millj.kr. á árinu 2023 í samræmi við viðbætur ársins í skýringum 12 og 19 með ársreikningi. Þar af eru 80,3% vegna starfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu. Sjá hlutföll í töflu yfir fjárfestingargjöld á bls. 37.

Rekstrargjöld

Flokkunarreglugerðin skilgreinir rekstrargjöld þrengra en almennt gildir um rekstrargjöld í reikningshaldslegum skilningi. Undir rekstrargjöld fellur beinn kostnaður sem ekki er færður til eignar, sem varðar rannsóknir og þróun, ráðstafanir vegna endurnýjun bygginga, skammtímaleigu, viðhald og viðgerðir og önnur bein útgjöld vegna daglegs viðhalds varanlegra rekstrarfjármuna fyrirtækisins eða þriðja aðila sem starfsemi er útvistað til, sem þörf er á til að tryggja áframhaldandi skilvirka starfrækslu slíkra eigna. Rekstrargjöld námu alls 107,7 m.kr. á árinu 2023 og voru til komin vegna rekstur og viðhalds. Þar af eru 70% vegna starfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu. Sjá hlutföll í töflu yfir rekstrargjöld á bls. 38.

Atvinnustarfsemi (1)	Númer (2)	Heildarvæla (3)	Hlutfall veltu (4)	Viðmið fyrir verulegt framlag						Viðmið fyrir verulegt tjón ("Veldur ekki verulegu tjóni")						Hlutfall veltu sem fellur að flokkunarkerfinu, ár N-1 (19)	Flokkur starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum (20)	Flokkur "umbreytingarstarfemi" (21)
				Mótvægi við loftslagsbreytingar (5)*	Aðlögun að loftslagsbreytingum (6)	Varns- og sjávarandiðir (7)	Hringrásarhagkerfið (8)	Mengun (9)	Liffræðileg fjölbreytni og vistkerfi (10)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (11)	Aðlögun að loftslagsbreytingum (12)	Varns- og sjávarandiðir (13)	Hringrásarhagkerfið (14)	Mengun (15)	Liffræðileg fjölbreytni og vistkerfi (16)			
Texti		ISK	%	%	%	%	%	%	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	%	E	T
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR			0,1%															
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)																		
Velta frá umhverfissjálfbærri starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)(A.1)																		
A.2 Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)																		
Kaup og eignarhald á byggingum	7.7	10.848.867	0,1%															
Velta frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)		10.848.867	0,1%															
Alls (A.1+A.2)		10.848.867	0,1%															
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR																		
Velta frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)		16.773.600.133	99,9%															
Alls (A+B)		16.784.449.532	100%															

Atvinnustarfsemi (1)	Númer (2)	Heldarfráfestingar (3)	Hlutfall fráfestinga (4)	Viðmið fyrir verulegt framlag						Viðmið fyrir verulegt tjón ("Veldur ekki verulegu tjóni")						Lágmarks verndarráðstafanir (17)	Hlutfall fjárfestingargjalda sem fellur að flokkunarkerfinu, ár N-1 (19)	Flokkur (starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum (20))	Flokkur " (umbreytingarstarfemi) " (21)
				Mótvægi við loftslagsbreytingar (5)*	Aðlögun að loftslagsbreytingun (6)	Vams- og sjávarauðindir (7)	Hringrásarhagkerfið (8)	Mengun (9)	Liffræðileg fjölbreytni og vistkerfi (10)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (11)	Aðlögun að loftslagsbreytingun (12)	Vams- og sjávarauðindir (13)	Hringrásarhagkerfið (14)	Mengun (15)	Liffræðileg fjölbreytni og vistkerfi (16)				
Texti		ISK	%	%	%	%	%	%	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	%	E	T	
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR																			
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)																			
Fjárfestingargjöld frá starfsemi sem er umhverfissjálfbær (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)																			
A.2 Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)																			
Kaup og eignarhald á byggingum	7.7	2.246.497.798	80,3%																
Fjárfestingargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að)		2.246.497.798	80,3%																
Alls (A.1+A.2)		2.246.497.798	80,3%																
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR																			
Fjárfestingargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir		551.854.329	19,7%																
Alls (A+B)		2.798.352.127	100%																

Atvinnustarfsemi (1)	Númer (2)	Heildar rekstrargjöld (3)	Hlutfall rekstrargjalda (4)	Viðmið fyrir verulegt framlag						Viðmið fyrir verulegt tjón ("Veldur ekki verulegu tjóni")						Flokkur(starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum (20)	Flokkur " (umbreytingarstarfemi) " (21)		
				Mótvægi við loftslagsbreytingar (5)*	Aðlögun að loftslagsbreytingun (6)	Vams- og sjávarauðindir (7)	Hringrásarhagkerfið (8)	Mengun (9)	Liffræðileg fjölbreytni og vistkerfi (10)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (11)	Aðlögun að loftslagsbreytingun (12)	Vams- og sjávarauðindir (13)	Hringrásarhagkerfið (14)	Mengun (15)	Liffræðileg fjölbreytni og vistkerfi (16)			Lágmarks verndarráðstafanir (17)	Hlutfall rekstrargjalda sem fellur að flokkunarkerfinu, ár N-1 (19)
Texti		ISK	%	%	%	%	%	%	%	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	%	E	T
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR																			
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)																			
Rekstrargjöld frá starfsemi sem er umhverfissjálfbær (sem fellur að flokkunarkerfinu)((A.1)																			
A.2 Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)																			
Kaup og eignarhald á byggingum	7.7	107.724.612	70,0%																
Rekstrargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem ekki fellur að flokkunarkerfinu) (A.2)		107.724.612,00	70%																
Alls (A.1+A.2)		107.724.612,00	70%																
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR																			
Rekstrargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)		46.229.069,00	30%																
Alls (A+B)		153.953.681,00	100%																